

Aðalfundur Foreldrafélags Þjósárskóla, haldinn þann 9. nóvember 2021 í Þjósárskóla kl. 17:00.

Mættir eru: Ásta Nathanielsdóttir, gjaldkeri, Elín Moqvist, formaður, Björn Hrannar Björnsson, meðstjórnandi, Bjarni H. Ásbjörnsson, ritari, Bolette Höeg, skólastjóri. Gestur Einarsson og Karen Ernstdóttir, varamaður í stjórn mættu síðar.

Fundur var settur kl. 17:02.

Skýrsla formanns.

Elín fór yfir skýrslu formanns. Síðasti aðalfundur var haldinn árið 2019. Covit-19 kom í veg fyrir fund 2020.

Jólafundur var haldið fyrir jólin 2019 í samstarfi við Leikstein, foreldrafélag Leikholts.

Árið 2020 sá foreldrafélagið um að útvega sælgæti fyrir Öskudagsballið. Eina fjáröflun foreldrafélagsins er aðgangseyrir að árshátíð Þjósárskóla. Þar sem árshátíðin var lokuð fyrir foreldra var tekið á það ráð að selja upptöku af árshátíðinni til foreldra til fjáröflunar. Covit kom í veg fyrir að haldin yrði vorhátíð og skólaslitin voru líka án foreldra. Ákveðið var að halda ekki aðalfund 2020 vegna ástandsins og jólafundur féll niður.

Öskudagsballið 2021 var haldið og sá Ásta, gjaldkeri um að kaupa sælgæti og setja í poka. Formaðurinn kom sælgætispokunum til skila. Árshátíðin var haldin með óhefðbundnu sniði, í tveimur hollum og engar veitingar. Foreldrafélagið rukkaði aðgangseyri, sem var nýttur til að gefa börnum sumargjöf. Foreldrafélagið styrkti 6. og 7. bekk í skólabúðir að Reykjum að upphæð kr. 160.000,- Engin vorhátíð var haldin en í staðinn fengu börnin sumargjöf og ís við skólaslitin.

Elín formaður þakkaði fyrir sig og tilkynnti að hún gæfi ekki kost á sér til næstu stjórnar. Engar umræður urðu um skýrslu formanns.

Skýrsla gjaldkera.

Ásta fór yfir skýrslu gjaldkera. Auk þess að gefa sælgæti fyrir Öskudagsskemmtanir gaf foreldrafélagið Þjósárskóla tvö spil, Speech: Ævintýri og manga party. Í öllum Covit atganginum fórst fyrir að sækja um styrk til sveitarfélagsins fyrir árið 2020. En það kemur líklega ekki að sök þar sem starfsemin var nánast engin. Það fór líka fyrir ofan garð að fá ljósmyndara til að taka myndir af 1. 5. og 7. bekk, eins og venja er. Beðist er afsökunar á því. Aðgangur að netbanka foreldrafélagsins lokaðist þar sem ekki hafði verið skipt formlega um notanda þegar nýr gjaldkeri var kjörinn. Gjaldkeri ætlar að sjá til þess að nýr aðgangur verði opnaður.

Kjör stjórnar.

Elín, formaður og Ásta, gjaldkeri, gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Varamenn í stjórn gefa ekki kost á sér til stjórnar, þær Karen Ernstdóttir og Rakel Þórarinsdóttir.

Bjarni H. Ásbjörnsson og Björn Hrannar Björnsson gefa kost á sér til stjórnarstarfa í eitt ár, þar sem síðasta starfsár var hálf endasleppt.

Engin önnur framboð komu fram um setu í stjórn.

Samkvæmt lögum Foreldrafélags Þjósárskóla er stjórn kosin til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Aðalfundurinn samþykkti að skipaðir yrðu þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Skipaðir voru Hrönn Brandsdóttir, Davíð Óskar Davíðsson og Álfheiður Viðarsdóttir til næstu tveggja ára. Stjórnarmenn skipta svo með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum. Sigríður Björk Marínósdóttir gefur kost á sér til áframhaldandi setu í skólaráði. Elín Moqvist bauð sig fram. Fundurinn samþykkti setu þeirra í skólaráði. Varamenn verða áfram þeir Ólafur Hafliðason og Elvar Már Svansson.

Önnur mál.

Fram kom að myndataka fyrir 1. 5. og 7 bekk féll niður á árinu 2020 vegna Covid. Gæta þarf þess að myndataka fari fram næsta vor.

Bolette hrósaði stjórn, Ástu og Elínu sérstaklega, fyrir störfum á erfiðum tímum.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundur var slitið kl. 17:46.

Ritað, Bjarni H. Ásbjörnsson, ritari.